



SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

Stofnað 1901

Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR) fagnar því að til stendur að gera skógræktaráætlanir fyrir skógrækt fyrir dreifbýli Reykjavíkur. Mikil tækifæri eru til skógræktar á dreifbýli Reykjavíkurborgar og félagið vill gjarnan vinna skógræktaráætlun fyrir Reykjavík. Kjalarnes er vandasamasti hluti Reykjavíkur og rétt á minna á gildi skógræktar fyrir skjólmyndun og þar með bætt búsetuskilyrði, ekki síst á Kjalarnesi.

Félagið fagnar auknu samstarfi Reykjavíkurborgar við Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR), en félagið er með það að markmiði að vera í samstarfi með Reykjavíkurborg um skógrækt og lýðheilsu. Helsta markmiðið SR er að rækta upp útivistarskóg sem hægt er að njóta allan ársins hring til að stuðla að bættir lýðheilsu íbúa sveitarfélagsins og annara sem heimsækja skóga félagsins. Ásamt að vinna að skógrækt, trjárækt og landbótum. Markmið skógræktar geta verið mismunandi (landgræðslu-, loftlags-, skjól-, nytja-, beitar- útivistar- og fjölnytjaskógrækt) í því felst mismunandi áætlanagerð. Það ber að hafa í huga.

SR vill benda á að endurheimt votlendis þarf ekki að útiloka skógrækt eða öfugt þó það gefi augaleið að í sama fletinum er ekki hægt að gera bæði. Þetta eru báðar gildar loftlagsaðgerðir. Einnig viljum við benda á að sé horft á útivistarskóga þá eykur endurheimt votlendi í nálægð við skógrækt fjölbreytni útivistarsvæðisins og þar með gildi þeirra ásamt því að það getur stuðlað að meiri líffjölbreytileika t.d. meðal fugla sem eiga búsvæði í trjám en sækja sér fæðu í votlendi.

Mat á kolefnisbindingu með skógrækt á Íslandi er studd góðum og traustum gögnum. Í skýrslu VSÓ-ráðgjafar sem unnin var fyrir Loftslagsráð árið 2021 kom fram að „mest liggur fyrir af rannsóknum um kolefnisbúskap í skóglendi“ þegar kemur að mati á losun eða bindingu kolefnis í mismunandi gróðurvistkerfum á Íslandi. Gögn úr verkefninu Íslenskri skógarúttekt sýna að ræktaðir skógar á Íslandi binda árlega að meðaltali nálægt tíu tonnum af koltvísýringi á hverjum hektara, í trjám og jarðvegi. Binding kolefnis í íslenskum skógum hefur sautjánfaldast frá árinu 1990 og bindur skógur á Íslandi nú um 80% af losun vegna landbúnaðar. Skógur sem ræktaður er á snauðu landi, rofnu landi, framræstu landi eða auðnum stöðvar auk þess þá losun sem stafaði af landinu áður en

skógræktin hófstⁱⁱ. Rannsóknir hérlandis sýna ennfremur, að möguleg áhrif minni endurskins (e. albedo) frá skógi samanborið við skóglaut mólendi er lítið og hverfandiⁱⁱⁱ. Rannsóknir hérlandis sem erlendis sýna enn fremur að áhrif jarðvegsundirbúnings eða jarðvinnslu – sem notuð er á hluta þess lands sem tekið er á ári hverju til skógræktar - á losun kolefnis eru hverfandi lítil og skammvinn^{iv}. Frá sjónarmiði loftslagsávinninga hlýtur skógrækt að teljast góður valkostur í strjálbýlu landi sem er að 99,4% skóglaut og að 98% skóg- og kjarrlaut og þar sem skógur gæti vaxið á stærstum hluta láglendisins, auk þess sem skógur veitir mönnum og lífríki margvíslega aðra þjónustu, svo sem vernd jarðvegs og skjólsæld. Endurheimt birkiskógar er líka skógrækt en vöxtur birkisins er töluvert minni en vöxtur innfluttu trjátegundanna^v. Við endurheimt mólendis er binding í lífmassa enn minni. Í öllum þessum tilvikum á sér þó stað kolefnisbinding í jarðvegi sem taka verður með í reikninginn líka^{vi}. Endurheimt vistkerfis getur því falið í sér ólíkar útfærslur en markmiðið ætti alltaf að vera að koma í veg fyrir losun og auka bindingu. Styrkur CO₂ í andrúmsloftinu hefur ekki verið hærri síðan á tertíertímabili jarðsögunnar en þá var mun hlýrra á jörðu en nú er^{vii}. Því er knýjandi nauðsyn að ná niður þeim styrk með öllum ráðum, þ.m.t. með kolefnisbindingu í skógum, svo koma megi í veg fyrir óafturkræfar breytingar á loftslagi jarðar. Meira að segja skógur og annar trjágróður í byggðum hverfum Reykjavíkurborgar – þ.m.t. í einkagörðum - er að binda umtalsvert magn kolefnis á ári hverju^{viii}.

Nú þegar hefur verið lagt mat á verðmæti Heiðmerkur út frá ýmsum þáttum, svo sem vistþjónustu skóglendis, kolefnisbindingu, vatnsvernd og lýðheilsu. Lang-verðmætast var útivistargildi friðlandsins^{ix}. SR vill því undirstrika vilja sinn að koma að frekari uppbyggingu útivistarskóga til bættar lýðheilsu borgarbúa.

Við bendum jafnframt á að Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur nú þegar gert skógræktaráætlun fyrir Álfsnes og skrifað skýrslur um borgarskógrækt, skógrækt í Reykjavík [borgarskograekt1.pdf \(heidmork.is\)](#) og niðurstöður samstarfshóp um loftlagsskóga árið 2021. Þá er rétt á minna á gildi skógræktar fyrir skjólmyndun og þar með bætt búsetuskilyrði, ekki síst á Kjalarnesi. Þetta er allt vinna sem við teljum mikilvæg gögn í skipulagsvinnuna en mikil tækifæri eru til uppbyggingar skóga á Kjalarnesi.

ⁱ VSÓ-ráðgjöf, des. 2021. Losun gróðurhúsalofttegunda frá landi. Samantekt á rannsóknum og vöktun og samræmi við kröfur í losunarbókhalði Íslands. <https://loftslagsrad.is/losun-grodurhusaloftegunda-fra-landi-samantekt-a-rannsoknum-og-voktun-og-samraemi-vid-krofur-i-losunarbokhaldi-islands/>

ⁱⁱ Arnór Snorrason. 2023. Áhrif skógræktar á bindingu og losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi <https://www.youtube.com/watch?v=VxbFPe4-mk0>

Brynhildur Bjarnadóttir m.fl. 2021. Carbon and water balance of an afforested shallow drained peatland in Iceland. For. Ecol. Mgt. 482. <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0378112720316303>

ⁱⁱⁱ Brynhildur Bjarnadóttir og Bjarni Diðrik Sigurðsson. 2024. Endurskinshæfni ólíkra gróðurlenda. Erindi flutt á Fagraðstefnu skógræktar í marsmánuði 2024. <https://www.youtube.com/watch?v=MDqCjssDXs>

^{iv} Brynhildur Bjarnadóttir m.fl., Tellus (2007), 59B, 891-899; Brynhildur Bjarnadóttir m.fl., Biogeosciences (2009), 6, 2895-2906

Brynhildur Bjarnadóttir m.fl. 2018. Skógrækt er mikilvægur hluti af framlagi Íslands til loftslagsmála. <https://www.bbl.is/skodun/skograekt-er-mikilvaegur-hluti-af-framlagi-islands-til-loftslagsmala>

^v Joel Owona. 2019. Áhrif nýskógræktar á kolefnisbindingu í jarðvegi á Íslandi. <https://skemman.is/handle/1946/34470>

Gústaf Jarl Viðarsson. 2023. Kolefnisbinding og vöxtur mismunandi skógargerða í þremur skógum á Suðvesturlandi Heiðmörk, Nesjavöllum og Ölfusvatni. <https://skemman.is/handle/1946/45738>

^{vi} Guðni Þorvaldsson, Hólmgeir Björnsson og Þorsteinn Guðmundsson. 2023. Langtímaáhrif tilbúins áburðar og kúamykju á jarðveg og gróðurframvindu á Geitasandi. Rit Lbhl nr. 164. <https://www.lbhi.is/images/pdf/rit%20lbhi/rit%20lbhi%20nr%20164.pdf>

^{vii} Climate Change: Atmospheric Carbon Dioxide. <https://www.climate.gov/news-features/understanding-climate/climate-change-atmospheric-carbon-dioxide>

^{viii} Gústaf Jarl Viðarsson. 2010. Kolefnisforði og árleg kolefnisbinding trjáa í byggðum hverfum Reykjavíkurborgar. <https://skemman.is/handle/1946/7099>

^{ix} Daði Már Kristófersson. 2024. Hagræn staða skógarauðlindar á Íslandi – Daði Már Kristófersson, prófessor við Háskóla Íslands. <https://www.youtube.com/watch?v=WTbbAa1kyXU>